

**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**  
Stofnað 28. apríl 1945



*Pinggerð*  
*48. þings ÍBH*

**Haldið laugardaginn 27. apríl 2013**  
**í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu**

Dagskrá þingsins var samkvæmt 11. grein laga ÍBH.

1. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH setti þingið og er ávarp hans að finna fremst í skýrslu stjórnar ÍBH. Hrafnkell minntist einnig á nýjan sjálfboðaliðavef ÍSÍ og hvatti hann þingfulltrúa og gesti til að skrá inn á hann alla þá sjálfboðaliðavinnum sem þeir ynnu af hendi í tengslum við hin ýmsu störf innan íþróttahreyfingarinnar.
2. Stungið var upp á Jóni Gesti Viggóssyni sem þingforseta og Hafsteinni Þórðarsyni til vara. Einnig var stungið upp á Guðmundi Haraldssyni sem þingritara og Gústafi Ólafssyni til vara og voru þeir allir kosnir með lófaklappi. Jón Gestur þakkaði traustið sem honum var sýnt og tók síðan við stjórn.
3. Tillaga lögð fram um þriggja manna kjörbréfanefnd. Írena Óskarsdóttir, Sigurður Ævarsson og Sigurjón Andersen, öll kosin með lófataki. Í framhaldi af því tók kjörbréfanefndin til starfa.
4. Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH flutti skýrslu stjórnar fyrir árin 2011 og 2012. Skýrslan er afar yfirgripsmikill og lýsandi fyrir hið mikla starf sem unnið er innan bandalagsins og er hér með vísað til hennar.  
Reikningar ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH fyrir árin 2011 og 2012 flutti Bergsteinn Hjörleifsson gjaldkeri ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH. Renndi hann yfir helstu tölur, fyrst reikninga Afreksmannasjóðs og stendur sjóðurinn þokkalega. Reikningar ÍBH voru síðan lesnir upp og er hér með vísað til reikninga sjóðsins. Umræða og afgreiðsla. Skýrsla stjórnar og reikningar voru síðan bornir upp saman til samþykktar. Þingforseti óskaði eftir athugasemdum um skýrslu og reikninga. Ágúst Sindri Karlsson kvaddi sér hljóðs og undirstrikaði ályktun formannafundar ÍBH að klára íþróttahúsið að Ásvöllum. Viðar Halldórsson tók undir með Ágústi Sindra varðandi íþróttahúsið, einnig gagnrýndi Viðar Fyrirmyndarfélag ÍSÍ kvað það ekki hafa náð fótfestu, góðir punktar en tilgangslítið, einnig sagði Viðar að Felixkerfið væri orðið gamalt og lúið og Nórakerfið væri málið. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir þessum lið.  
Reikningar og skýrsla síðan samþykkt með lófataki.
5. Ávörp gesta. Fyrst á mælendaskrá var Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjórinn í Hafnarfirði. Í upphafi ávarpsins sló Guðrún á léttu strengi og sagði m.a. að það væri ekki gott fyrir bæjaryfirvöld að formenn Hauka og FH séu sammála og uppskar hún hlátur þingfulltrúa fyrir vikið. Hún fór yfir sviðið, rúmlega 500 Íslandsmeistarar í 24 greinum auk annarra titla. Henni þótti miður að FH og Haukar væru ekki að keppa um Íslandsmeistaratitilinn í meistaraflokki karla í handknattleik. Ræddi um niðurgreiðslur í gegnum Nórakerfið sem reynst hafa vel. Hún fór yfir samskipti bæjarins og félaganna, vill að gerður verði samningur milli bæjarins og ÍBH í stað samninga við félögin sjálf hvert og eitt og vísaði til samnings Rio Tinto Alcan og ÍBH í því sambandi. Einnig ræddi hún um fyrirhugaða eignaskiptasaminga félaganna. Byrjað hefur verið á Keili og er mikil vinna framundan.  
Næstur tók til máls Gunnar Bragason framkvæmdastjóri ÍSÍ. Flutti hann kveðjur formanns og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Kom hann m.a. inn á öflugt starf íþróttafélaga í Hafnarfirði og sagði hann það vera til fyrirmyndar. Erfið ár eru að baki og vonandi bjartara framundan. Fjárframlög ríkisins hafa verið af skornum skammti og hafa ekki hækkad í samræmi við verðlag í langann tíma. Verkefni síðastliðins árs voru stór og mikil s.s. Ólympíuleikarnir í London, Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna ásamt

Kvennahlaupinu og framundan eru Smáþjóðaleikarnir í Luxemburg og 2015 verða þeir haldnir í Reykjavík. Gunnar kvað verkefnið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ vera hið besta mál og var ekki sammála Viðari Halldórssyni. Ennfremur kom hann inn á að Felixkerfið væri ekki gallalaust og að það þurfi að endurnýja ýmsa þætti þess. ÍSÍ er alfarið á móti því að Bandalag listamanna fá hlutdeild í Lottótekjunum, skorar á íþróttafélögin að standa saman gegn þessum áformum BÍL, með fullri virðingu fyrir listamönnum. Að lokum óskaði hann ÍBH alls hins besta í framtíðinni.

Ársæll Guðmundsson skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði tók nú til máls, sagði hann frá sínum upplifunum sem strákur að æfa handbolta og fótbolta með Víkingi í Réttarholtsskóla. Á þessum tímum var afar sjaldgæft að foreldrar fylgdu börnum sínum á íþróttakappleiki, nú skiptir öllu máli að styðja börnin á allan hátt og er það hin besta forvörn. “Heilbrigð sál í hraustum líkama”. Einnig kom hann inn á að hægt væri að auka samstarfið. Iðnskólinn væri ekki með eigið íþróttahús en með kennslu á 3 stöðum í bænum. Að lokum bað Ársæll um að ÍBH og aðildarfélög yrðu til fyrirmyndar að öllu leyti.

Að síðustu sté í pontu Einar Birgir Steinþórsson skólameistari Flensborgarskólans. Hann þakkaði bandalaginu fyrir frábært samstarf á liðnum árum, 8 ár væru liðin síðan Íþróttafrekssviðið var stofnsett við skólann, árangurinn frábær og hefði slík starfsemi hvergi náð fótfestu annarsstaðar í menntakerfinu. Hann vill þróa sviðið áfram ásamt ÍBH, íþróttafélagunum og Hafnarfjarðarbæ. Takmarkað rými háir sviðinu og fjarlægð frá skóla að íþróttahúsum til baka. Skerpa þarf á viðmiðunum varðandi skilgreiningu á afreksmanni, einnig í forvarnarmálum. Að lokum óskaði skólameistarinn eftir hollari bita í sjálfsölum íþróttahúsa.

6. Formaður kjörbréfanefndar Írena Óskarsdóttir fór yfir starf nefndarinnar og bað fulltrúa aðildarfélaganna um að staðfesta mætingu með handaruppréttingu um leið og aðildarfélagið var lesið upp. 50 fulltrúar mættir.
7. Kosnar 3 fastanefndir. **Fjárhagsnefnd:** Formaður Bergsteinn Hjörleifsson, Magnús Gunnarsson, Benedikt Olgeirsson, Ingvar Kristinsson og Kristín Pétursdóttir. **Allsherjarnefnd:** Formaður Hafsteinn Þórðarson, Ágúst Sindri Karlsson, Viðari Halldórsson, Ingólfur Arnarson, Anders Már Þráinsson og Haukur J. Eiríksson. **Íþróttanefnd:** Formaður Guðbjörg Norðfjörð, Karl Klein, Þór Ólafsson, Sigurður Haraldsson og Þór Jónsson.
8. **Kosið í laganeftnd:** Ragnar Hilmarsson formaður, Bjarni Hafsteinn Geirsson, Gústaf Ólafsson, Þórarinn Sófússon og Gunnar Bjarnason.

9. Tillögur og mál sem voru lagðar fyrir 48. þing ÍBH

Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
1.	Skýrsla stjórnar ÍBH	Stjórn ÍBH	
2.	Reikningar ÍBH	Stjórn ÍBH	
3.	Tillaga SÍH um forgangsröðun	Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
4.	Tillaga Hauka um forgangsröðun	Knattspyrnufélagið Haukar	Allsherjarnefndar
5.	Tillaga Hauka um flýti framkvæmd/einkaframkvæmd	Knattspyrnufélagið Haukar	Allsherjarnefndar

6.	Tillaga um stuðning við afreksstarf íþróttafélaganna	Knattspyrnufélagið Haukar	Fjárhagsnefndar
7.	Tillaga um eignarhald í íþróttamannvirkjum	Knattspyrnufélagið Haukar	Allsherjarnefndar
8.	Tillaga um íþróttafulltrúa íþróttafélaga	Knattspyrnufélagið Haukar	Fjárhagsnefndar
9.	Tillaga DÍH um forgangsöröðun	Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
10.	Tillaga Björk um forgangsöröðun I	Fimleikafélagið Björk	Allsherjarnefndar
11.	Tillaga Björk um forgangsöröðun II	Fimleikafélagið Björk	Allsherjarnefndar
12.	Tillaga um rekstur íþróttamannvirkja	Fimleikafélagið Björk	Fjárhagsnefndar
13.	Tillaga FH varðandi forgangsöröðun	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
14.	Tillaga um breytingar á lögum ÍBH	Stjórn ÍBH	Laganefndar
15.	Fjárhagsáætlun ÍBH	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
16.	Tillaga um endurskoðun á samstarfssamningi ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
17.	Tillaga um endurskoðun rekstrarsamninga ÍBH og aðildarfélaga ÍBH	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
18.	Tillaga um aukinn stuðning við innra starf aðildarfélaga ÍBH frá Hafnarfjarðarbæ	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
19.	Tillaga um samstarf við Hafnarfjarðarbæ um forvarnarfræðslu	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
20.	Tillaga um launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
21.	Tillaga um heilsufars- og íþróttamælingar	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
22.	Tillaga um Hafnarfjarðarleika	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
23.	Tillaga um gæðastarf íþróttafélaga	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
24.	Tillaga um endurnýjun og viðhald áhalda og tækja í íþróttamannvirkjum aðildarfélaga ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
25.	Tillaga um bætta ímynd íþróttafélaga	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar



26.	Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að starfa eftir barna- og unglíngastefnu ÍSÍ	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
27.	Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að ráða til sín þjálfara með fagmenntun	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
28.	Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að halda leiðtoganámskeið	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
29.	Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að endurskoða námskrár	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
30.	Ályktun um þakkir til stuðningsaðila ÍBH	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
31.	Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
32.	Tillaga AÍH um forgangsröðun	Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
33.	Tillaga Sörla um forgangsröðun	Hestamannafélagið Sörli	Allsherjarnefndar
34.	Tillaga Kvartmíluklúbbsins um forgangsröðun	Kvartmíluklúbburinn	Allsherjarnefndar
35.	Tillaga BH um forgangsröðun	Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
36.	Tillaga Keilis um forgangsröðun	Golfklúbburinn Keilir	Allsherjarnefndar
37.	Tillaga HFH um forgangsröðun	Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu forseta.

Þinglé var gert kl. 12.40 Í því var sýnt myndefni úr hafnafirsku íþróttalífi og boðið upp á súpu og brauð. Halldór Árni Sveinsson frá fjölmiðladeild Flensborgarskólans sýndi gömul og ný myndbrot úr íþróttastarfi bæjarins.

10. Álit nefnda og umræður, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

### **Samþykktar tillögur á 48. þingi ÍBH**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** samþykkir að hvetja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til eftirtalinna framkvæmda í samræði við þau íþróttafélög, sem við á í hverju tilfelli fyrir sig.

**Meðfylgjandi greinargerðir eru hluti tillagna og frekari rökstuðningur með hverri tillögu fyrir sig.**

Sameining þingskjala nr. 3, 4, 9, 10, 13, 32, 33, 34, 35, 36, 37. ( verkefni í forgangsröðun ).

## Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að koma að uppbyggingu hjá Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar í samráði við stjórn félagsins og hugmyndir sem hér fylgja með í greinargerð.

## Knattspyrnufélagið Haukar

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar samþykktir á þingum ÍBH ( 45., 46. og 47. þings ) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að leggja áherslu á frekari uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum. Í því sambandi vísa Haukar til fyrri samantektar og samþykktu ÍBH þinga, þar sem áhersla er lögð á nýjan íþróttasal við íþróttahúsið og byggingu knattshúss og áhorfendaaðstöðu við knattspyrnuvöll félagsins.

Einnig er vísað til þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í nefnd um uppbyggingu á Ásvöllum, en nefndin er skipuð fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og Hauka.

Haukar vísa til greinargerðar með tillögunni og til samþykktar formannafundar ÍBH. 7. nóvember 2012 sem samþykkti eindregið að hvetja bæjaryfirvöld til að reisa nýjann íþróttasal við íþróttahús Hauka svo fljótt sem því verður við komið.

## Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar fyrri samþykktir ( 45., 46. og 47. þings ÍBH ) um að hvetja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að byggja upp íþrótt- og félagsaðstöðu fyrir félagið í samráði við stjórn þess sbr. þarfagreiningu sem gerð hefur verið.

## Fimleikafélagið Björk

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar fyrri samþykktir frá þingum ÍBH ( 44., 45., 46. og 47. þingi ) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að vinna að endurbótum og breytingum á íþróttamannvirkjum við Íþróttamiðstöð Bjarka við Haukahraun þannig að þörfum félagsins til framtíðar verði komið þar fyrir á einum stað. Sjá meðfylgjandi greinargerð.

## Fimleikafélag Hafnarfjarðar

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar fyrri samþykktir frá þingum ÍBH ( 45., 46. og 47. þingi ) um þörf félagsins á landsvæði fyrir útivistarsvæði undir knattspyrnuíðkun og bendir í því sambandi á samkomulag við bæjarstjórn Hafnarfjarðar frá 15. október 2004 og að byggður (endurnýjaður) verði gervigrasvöllur í Kaplakrika og að sá völlur verði byggður þannig að í framtíðinni verði hann yfirbyggður. FH leggur áherslu á að núverandi framkvæmdum við frjálsíþróttahús verði lokið sem allra fyrst.

## Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar fyrri samþykktir frá þingum ÍBH ( 45., 46. og 47. þingi ) og hvetur bæjaryfirvöld til að koma að uppbyggingu hjá félaginu. Sjá meðfylgjandi greinargerð.

**Hestamannafélagið Sörli**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar fyrri samþykktir á þingum ÍBH ( 45., 46. og 47. þings ) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að framkvæma stækkun íþróttamannvirkja Sörlastaða þ.e. reiðskemmu og félagsheimilis ásamt aðstöðu sem nýst getur sem félagshesthús.

**Kvartmílukúbburinn**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar fyrri samþykktir ( 44., 45., 46. og 47. þings ) um að bæta aðstöðu við kvartmílubraut og húsnaði félagsins. Einnig eru bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hvött til að hefja framkvæmdir við nýskipulagt akstursíþróttasvæði í Kapelluhrauni í samráði við stjórn félagsins.

**Badmintonfélag Hafnarfjarðar**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar samþykktir fyrri þinga og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að byggja upp íþrótt- og félagsaðstöðu fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar í samráði við stjórn félagsins. Í því sambandi verði skoðað hvort skynsamlegt sé að skilgreina Íþróttahúsið við Strandgötu sem íþrótt- og félagsaðstöðu BH og aðlaga það þörfum félagsins.

**Golfklúbburinn Keilir**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar samþykktir fyrri þinga frá árinu 2003 og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að byggja upp með Golfklúbbnum Keili áður samþykkt verkefni.

1. Breytingar á núverandi golfvelli.
  2. Stækkun félagsheimilis / golfskála Keilis.
- Sjá meðfylgjandi greinargerð.

**Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** ítrekar samþykktir fyrri þinga ÍBH ( 45., 46. og 47.þings ) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að vinna áfram í að leita að framtíðarhúsnaði fyrir Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.

**Greinargerð: Skotíþróttafélagið - forgangsröðun**

Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar mun fagna 50 ára afmæli sínu árið 2015 og stefnir að því að ljúka uppbyggingu á Iðavöllum sem er æfinga- og keppnissvæði félagsins fyrir þann tíma.

Uppbygging á Iðavöllum hófst árið 1997 og frá þeim tíma hefur svörtum malargryfjum verið breytt í iðagræna velli og skjólgóða skógarlundi þar sem fram hefur farið gróskumikið íþróttastarf. Nú þegar deiliskipulag liggur fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að koma svæðinu í endanlega mynd og ljúka uppbyggingu mannvirkja, frágangi við hljóðmanir, gróður og bílastæði.

48. þing ÍBH hvetur Hafnarfjarðarbæ að til að styðja við bakið á félaginu varðandi þessi áform með samningi um 90% þátttöku og eignarhlut samkvæmt kostnaðaráætlun ásamt kostnaði vegna þess sem þegar hefur verið framkvæmt án fjárhagslegrar aðkomu bæjarins.



**Greinargerð: Fimleikafélagið Björk - forgangsröðun**

Fjölbreyttari starfsemi félagsins kallar á fjölbreyttari aðstöðu en félagið hefur í dag. Henni má samt mæta í núverandi húsnæði án viðbótar byggingar. Með tiltölulega hóflegum breytingum á Andrasal er hægt að mæta þessum nýju þörfum félagsins fyrir enn betri æfingaaðstöðu.

**Greinargerð: Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar - forgangsröðun**

Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar óskar eftir að Hafnarfjarðarbær veiti félaginu húsnæði fyrir starfsemi sína. Síðan 2002 þegar AÍH var stofnað hefur starfsemin verið styrkt af einkaaðilum og velunnurum Íslensk mótorsports en nú er svo komið að félagið getur ekki haldið starfsemi sinni áfram á þennan hátt. Við getum engan veginn haldið utan um það unga fólk sem streymir til okkar og þyrstir eftir fræðslu og þjálfun í akstursíþróttum þar sem við höfum enga aðstöðu fyrir félagið.

AÍH hefur það að markmiði sínu að stemma stigum við aukinni keyrslu á óskráðum torfæruhjóllum á götum bæjarins með aukinni fræðslu og kynningu á félaginu. Ný torfæruhjólabraut á svæði félagsins í Kapelluhrauni sem er jafnframt fyrsta og eina brautin í Hafnarfirði ætti að verða til þess að minnka utanvegaakstur í kringum bæinn og koma í veg fyrir að götur séu notaðar fyrir óskráð hjól. En til þess að það megi verða þarf að auka fræðslu á meðal ungra ökumanna og áhugamanna um íþróttina. Fræðsla er grunnurinn að slíku ábyrgu viðhorfi til íþróttarinnar. Til þess að það megi verða, og til þess að félagið geti sinnt þeim stóra hópi ungs fólks sem til okkar streymir og til þess að félagið geti uppfyllt fræðslu markmið sín þörfnumst við húsnæðis. Við erum annars vegar að hugsa um félagsaðstöðu, þar sem við getum haldið námskeið, fræðslukvöld og fundi og hinsvegar erum við að hugsa um geymslu-aðstöðu fyrir þann búnað sem við eigum.

Það er von félagsins að með liðsinni þæjar og lögreglu að okkur geti orðið ágengt í ábyrgu viðhorfi til akstursíþróttar. Þetta snýst fyrst og fremst um fræðslu til framtíðar-ökumanna í sportinu.

**Greinargerð: Golfklúbburinn Keilir - forgangsröðun**

Að öllum líkindum verður hafist handa við undirbúning breytinga á golfvællinum af hálfu Golfklúbbsins Keilis eins fljótt og því verður komið við.

Stækkun golfskálans hefur ekki verið tímasett nákvæmlega en mikil fjölgun nýrra félaga gerir það að verkum að framkvæmdum við stækkunina verður að hraða eins og kostur er.

Í dag eru 1350 félagar í Golfklúbbum Keili og biðlisti.

Í ljósi þessa vill stjórn Golfklúbbsins Keilis koma því á framfæri við 48. þing ÍBH að bæjaryfirvöldum hefur verið bent á nauðsyn þess að í nýju skipulagi, sem nú er verið að vinna að fyrir Hafnarfjörð sé gert ráð fyrir útivistarsvæði þar sem fyrir komist 36 holu golfvöllur hið minnsta, með félagsheimili ( klúbbhúsi ) ásamt fullkomnu æfingasvæði.

Við beinum því til 48. þings ÍBH haldið 27. apríl 2013 að þingið hvetji bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til þess að hafin verði að fullum krafti undirbúningsvinna að uppbyggingu svæðis undir nýjan 36 holu golfvöll í Hafnarfirði og að allsherjarnefnd afgreiði þetta sem eitt af forgangsverkefnum þingsins.



**Þingskjöl nr. 11 og 24 sameinuð**

- **Tillaga um endurnýjun og viðhald áhalda íþróttamannvirkja og tækja í íþróttamannvirkjum aðildarfélaganna ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** skorar á Hafnarfjarðarbæ að hefja nú þegar markvissa vinnu við viðhald og endurnýjun íþróttamannvirkja, áhalda og tækja sem eru í eigu aðildarfélaganna ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur viðhald íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og búnaðar þeirra verið lítið m.a. vegna niðurskurðar í útgjöldum bæjarfélagsins. Nú er svo komið að tæki og áhöld í mörgum íþróttamannvirkjum og mannvirkin sjálf eru orðin lúin og jafnvel hættuleg fyrir iðkendur. Mikilvægt er að hefja strax markvissa vinnu við viðhald og endurnýjun íþróttamannvirkja og annars búnaðar sem þeim tilheyrir svo öryggi notenda sé tryggt við æfingar og keppni.

Mikil og góð uppbygging íþróttamannvirkja í Hafnarfirði síðustu 15 ára er staðreynd. Þessum mannvirkjum verður að halda við og því nauðsynlegt að auka enn frekar fjármagn á næstu árum í viðhald og endurbætur ef ekki á illa að fara fyrir þessum glæsilegu mannvirkjum, áhöldum og búnaði sem fjárfest hefur verið í.

**Þingskjöl nr. 16**

- **Tillaga um endurskoðun á samstarfssamningi ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** óskar eftir að hefja viðræður við Hafnarfjarðarbæ um endurskoðun á samstarfssamningi ÍBH við Hafnarfjarðarbæ.

Greinargerð:

Samningurinn er frá árinu 2008. Eðlilegt er að endurskoða slíka samninga á 5 ára fresti. Ýmsar breytingar hafa orðið á þessum árum, liðir hafa dottið út og nýir liðir komið inn sem samningurinn tekur ekki á. Ennfremur þarf að skilgreina betur hvaða þjónustu Hafnarfjarðarbær vill kaupa af íþróttahreyfingunni miðað við þróun samfélagsins undanfarin ár. Endurskoðun samningsins skal vera lokið í síðasta lagi 1. júlí 2013.

**Þingskjöl nr. 30**

- **Ályktun um þakki til stuðningsaðila ÍBH**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** þakkar stuðningsaðilum ÍBH fyrir góðan stuðning við hina ýmsu þætti íþróttastarfsins og góða samvinnu. Ennfremur hvetur þingið fleiri stuðningsaðila til þess að leggja starfi íþróttafélaganna lið.

**Þingskjal nr. 31**

- **Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** þakkar stuðninginn sem bæjaryfirvöld hafa sýnt starfi aðildarfélaga ÍBH. Aðildarfélög ÍBH hvetja bæjaryfirvöld til þess að halda áfram á sömu braut svo íþróttastarfið nái að vaxa og dafna og verði Hafnfirðingum til sóma.

**Þingskjal nr. 5**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að heimila framkvæmdir við nýjann íþróttasal við íþróttamiðstöðina á Ásvöllum.

Á formannafundi IBH 7. nóvember 2012 var samþykkt hvatning til bæjarins um uppbyggingu íþróttasalar við Ásvelli, sem leysa mun úr brýnni þörf skóla og íþróttafélaga í bænum.

Grunnur hefur þegar verið steypdur og liggur hann undir skemmdum.

Haukar hafa áhuga á að vinna málið sem flýtiframkvæmd eða félagslega einkaframkvæmd.

**Þingskjal nr. 39**

- **Ályktun um byggingar íþróttahúsa í Hafnarfirði**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að staðsetja íþróttamannvirki á lóðum eða við íþróttafélagin í stað þess að velja þeim stað við skólabyggingar vítt um bæinn.

Það er skoðun þingsins að íþróttahús eigi að sníða að þörfum íþróttafélaganna og að nýting þeirra mannvirkja geti á þann hátt þjónað þörfum skólaíþróttalíka. Notagildi þeirra verði meira ásamt því að vera hagkvæm í rekstri á íþróttaeiningu þ.e. hagkvæmari en að þau rísi sem sér eining við skólabyggingu.

**Þingskjal nr. 7** tillögunni vísað frá.

**Þingskjal nr. 17** tillagan felld með 20 atkvæðum gegn 18.

**Þingskjal nr. 15****Fjárhagsáætlun ÍBH**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** samþykkir fjárhagsáætlun ÍBH.

**Fjárhagsáætlun ÍBH 2013 - 2014****Tekjur**

1. Húsaleigutekjur	528.754.800
2. Lottó	31.993.292
3. Styrkur til íþróttastarfs 16 ára og yngri	

3.a. Hafnarfjarðarbær		6.000.000
3.b. Alcan		9.000.000
4. Aðrar tekjur		
4.1. Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	4.227.823	
4.2. Rekstrarstyrkur	16.000.000	
4.3. Íslenskar getraunir	1.885.486	
4.4. Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	400.000	
4.5. Útseldir tímar	2.000.000	
4.6. Verkefnatekjur	1.500.000	
4.7. Vaxtatekjur	1.600.000	
		27.613.309
<b>Tekjur samtals</b>		<b>603.361.401</b>

## Gjöld

1. Húsaleiga		528.754.800
2. Lottó		28.793.963
3. Styrkur til starfs 16 ára og yngri		
3.a. Hafnarfjarðarbær		6.000.000
3.b. Alcan		9.000.000
4. Önnur gjöld		
4.1. Afreksmannasjóður	1.700.000	
4.2. Afmælisgjafir	700.000	
4.3. Skrifstofukostnaður	1.706.330	
4.4. Laun, launatengd gjöld, akstur	15.945.601	
4.5. Skrifstofuáhöld	400.000	
4.6. Fundir og ráðstefnur	580.000	
4.7. Ársþing ÍBH	450.000	
4.8. Aðk.akstur,sími ofl og aðkeypt vinna	2.606.446	
4.9. Endurskoðun bókhalds	650.712	
4.10. Sérverkefni	4.400.000	
4.11. Ófyrirséð	500.000	
4.12. Skuld við Afreksmannasjóð	395.894	
		30.034.983
<b>Gjöld samtals</b>		<b>602.583.746</b>

<b>Tekjuafgangur</b>	<b>777.655</b>
----------------------	----------------

**Þingskjal nr. 12**

- **Rekstur íþróttamannvirkja**

**48. þing ÍBH** hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að ganga til samning við fimleikafélagið Björk um rekstur íþróttamiðstöðvar Björk við Haukakraun.

Greinargerð:

FH og Haukar hafa með sérstökum samningi við Hafnarfjarðarbæ séð um rekstur allra íþróttamannvirkja á sínum félagssvæðum. Það er ljóst á rekstrartölum frá Hafnarfjarðarbæ að sá rekstur er bænum mjög hagstæður. Fimleikafélagið Björk sér fram á að geta náð svipuðum árangri með sameiginlegum rekstri á félaginu og þeirri aðstöðu sem hýsir félagið.

**Þingskjal nr. 20**

- **Tillaga um launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur ÍSÍ til að hefja viðræður við íslenska ríkið um launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk

Greinargerð:

Fáir íþróttamenn hafa verið á reglulegum afreksstyrkjum frá ÍSÍ í gegnum tíðina. ÍSÍ skiptir styrkjakerfi sínu í A, B, C styrki og eingreiðslur. Í ár eru fimm íþróttamenn á A styrk og fá mánaðarlega greiðslu sem nemur kr. 200.000, einn er á B styrk og fær mánaðarlega kr. 120.000 og níu eru á C styrk og fá mánaðarlega kr. 60.000.

Afreksíþróttafólk á Íslandi á að fá launagreiðslur til samræmis við aðra hópa eins og t.d. stórmeistara í skák og listamenn.

**Þingskjal nr. 38 – sameining á þingskjölum nr. 6, 8 og 18**

- **Tillaga um aukinn íþróttastyrk og leiðréttingu á rekstrarsamningum**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013** óskar eftir að hefja viðræður við Hafnarfjarðarbæ um :

- Leiðréttingu v/ skerðingar á rekstrarsamningum sem hófst árið 2009
- Um stuðning við afreksstarf íþróttafélaganna með áherslu á jafnan hlut kynjanna
- Um starf íþróttastjóra fyrir íþróttafélögin

**Þingskjal nr. 19**

- **Tillaga um samstarf við Hafnarfjarðarbæ um forvarnarfræðslu**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur Hafnarfjarðarbæ til að halda áfram góðu samstarfi um forvarnarfræðslu fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði.

Greinargerð:

Fyrirtækið Rannsóknir og greining sem starfar í dag innan Háskólans í Reykjavík hefur í tuttugu ár framkvæmt rannsóknir á börnum og unglingum á landsvísi. Hafnarfjarðarbær hefur keypt sér niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og notað þær markvisst til að bæta velferð barna og unglunga í Hafnarfirði. 2012

var íþróttafélögum boðið að kaupa sér niðurstöður úr þessari rannsókn fyrir sig sem lögðu mat á ánægju í íþróttum. Á þessum árum hefur dregið mjög úr reykingum og drykkju meðal ungmenna, auk þess sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur aukist. Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi er talin hafa mikið forvarnargildi fyrir íslensk ungmenni og hefur verið stefnt að því markvisst að reyna að halda þeim eins lengi í skipulögðu íþróttastarfi og hægt er. Forvarnarfræðslan hefur líka tekið á vímuefnaneyslu, einelti, ofbeldi og kynferðisofbeldi.

### Þingskjal nr. 21

- **Tillaga um heilsufars- og íþróttamælingar**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** samþykkir að hvetja aðildarfélög ÍBH til að vera í samvinnu við íþróttasvið háskólanna og framkvæma heilsufars- og íþróttamælingar á íþróttafólki.

Greinargerð:

Rannsóknir í íþróttum eru mikilvægar til að meta heilbrigði, frammistöðu og framfarir hjá íþróttafólki. Íþróttahreyfingin þarf að stefna að því að auka hagnýtar rannsóknir innan íþróttafélaga í samvinnu við íþróttasvið háskólanna. Mikilvægt er að stefna að faglegu samstarfi milli áður nefndra aðila í síðasta lagi 2014 – 2015. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar verður að styðja slík verkefni bæði fjárhagslega og faglega.

### Þingskjal nr. 22 a.

- **Tillaga um Hafnarfjarðarleika**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** samþykkir að ÍBH setji af stað virka vinnunefnd sem mun setja fram markmið og áherslur fyrir leikana. Stefnt er að því að halda fyrstu Hafnarfjarðarleikana í samstarfi við ÍBH innan þriggja ára.

Greinargerð:

Á síðasta þingi ÍBH var samþykkt að stofna vinnuhóp fyrir Hafnarfjarðarleika. Umræða um Hafnarfjarðarleika er búin að vera lengi í gangi, en varð fyrst markviss um mitt ár 2010. Íþróttagreinar sem hafa lýst yfir áhuga á þátttöku eru dans, sund og frjálsar íþróttir þegar innanhúss aðstaða er komin í notkun. Allar íþróttagreinar aðildarfélaga ÍBH sem taka þátt í alþjóðlegum mótum eru hvattar til að kanna aðkomu sína að alþjóðlegu íþróttamóti í Hafnarfirði sem yrði kallað Hafnarfjarðarleikar.

### Þingskjal nr. 22 b.

- **Tillaga um Hafnarfjarðarleika**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** samþykkir að hvetja aðildarfélög ÍBH til að halda fyrstu Hafnarfjarðarleikana í samstarfi við ÍBH innan þriggja ára.

**Pingskjal nr. 23**

- **Tillaga um gæðastarf íþróttafélaga**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur aðildarfélög ÍBH til þess að sækja um nafnbótina „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“.

Greinargerð:

Íþróttafélög og deildir sem sækja um nafnbótina sýna að þau gera kröfu til sjálfs sín bæði í gæðum og innihaldi þess starfs sem þau bjóða upp á. Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að litið sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem veitt er öllum þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætanager þarf að sýna fram á gæði starfsins. Sú leið sem farin hefur verið er að hrinda í framkvæmd verkefninu „Fyrirmyndarfélagi ÍSÍ“. Mikilvægt er fyrir íþróttafélögin að skilgreina starf sitt vel, þannig að starfið verði öllum félagsmönnum, foreldrum og nýju stjórnarfólki auðskiljanlegt.

**Pingskjal nr. 25**

- **Tillaga um enn betri ímynd íþróttafélaga**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur aðildarfélög ÍBH til að bæta enn ímynd íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði.

Greinargerð:

Neikvæð umfjöllun um íþróttafélög og íþróttagreinar í fjölmiðlum getur skaðað íþróttastarfið og dregið úr stuðningi við það frá styrktaraðilum og fækkað iðkendum.

Félög og deildir þurfa að halda uppi jákvæðri samræðu um íþróttir og koma með greinar/erindi er varða jákvæðni íþróttanna til að snúa við þessari sýn.

Mikilvægt er fyrir íþróttahreyfinguna að koma til skila hversu mikið uppeldislegt gildi íþróttir hafa fyrir alla. Íþróttir hafa mikið forvarnagildi enda sýna rannsóknir það ótvírætt.

Íþróttahreyfingin verður jafnframt að gæta þess að vera trúverðug í öllum störfum sínum út á við gagnvart félagsmönnum, stjórnáráðmönnum og almenningi.

**Pingskjal nr. 26**

- **Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að starfa eftir barna- og unglíngastefnu ÍSÍ**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur öll aðildarfélög ÍBH til að starfa eftir barna- og unglíngastefnu ÍSÍ og kynna hana fyrir öllum sem koma að íþróttastarfi.

Greinargerð:

Allir sem koma að íþróttastarfi barna- og unglínganna hjá aðildarfélögum ÍBH eru hvattir til að kynna sér barna- og unglíngastefnu ÍSÍ og starfa eftir henni.

Einnig er mikilvægt að íþróttafélög kynni hana fyrir forráðamönnum barna- og

unglinga. Ennfremur eru aðildarfélög ÍBH hvött til að koma með ábendingar um breytingar á stefnunni ef þeim finnst vera þörf á því.

#### **Þingskjal nr. 27**

- **Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að ráða til sín þjálfara með fagmenntun**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur öll aðildarfélög ÍBH til að ráða til sín þjálfara með fagmenntun.

Greinargerð:

Í skipulögðu uppeldis- og íþróttastarfi eru gæði starfsins mjög oft háð hæfni og menntun þjálfaranna. Líkur á betri samskiptum, meiri vellíðan og betri íþróttalegum árangri aukast með fagmenntuðum þjálfurum. Mikilvægt er að starfsmenn í íþróttafélögum eða stjórnarfolk í íþróttafélögum sem ræður þjálfara til starfa sé meðvitað um þessa þætti. Árlega er hægt að sækja um styrk í sjóð ÍBH-Rio Tinto Alcan-Hafnarfjarðarbæjar vegna íþróttamenntunar þjálfara sem starfa með börnum og unglungum 16 ára og yngri.

#### **Þingskjal 28 a.**

- **Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að halda leiðtoganámskeið**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur til þess að ÍBH haldi leiðtoganámskeið.

Greinargerð:

Námskeið sem þessi eru fyrir verðandi og núverandi stjórnarfolk og fólk í ráðum og nefndum.

Verðandi og núverandi forystufólk í íþróttahreyfingunni, verður að fá fræðslu um hvaða eiginleika góðir stjórnendur verða að búa yfir.

#### **Þingskjal nr. 28 b.**

- **Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að efla leiðtogahæfni iðkenda**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur aðildarfélög ÍBH til að efla leiðtogahæfni iðkenda.

Greinargerð:

Slíkt myndi m.a. hafa þann tilgang að móta sjálfstraust, sjálfsmynd, sjálfsaga, sterkar leiðandi fyrirmyndir og fyrirlíða í hópum.

#### **Þingskjal nr. 29**

- **Tillaga til aðildarfélaga ÍBH um að endurskoða námskrár**

**48. þing ÍBH haldið 27. apríl 2013 í Álfafelli** hvetur aðildarfélög ÍBH til að endurskoða námskrár sínar reglulega og hafa þær aðgengilegar á heimasíðum félaga og deilda.



**Greinargerð:**

Öll aðildarfélög ÍBH og flestar deildir þeirra hafa gert námskrár um íþróttastarfið hjá sér. Námskrárnar eru í senn leiðbeiningar um skipulag á starfinu með verklýsingum og upplýsingarit um kennsluefni ákveðinna hópa íþróttagreina. Tilgangur námskráa er m.a. að gera skipulagt faglegt íþróttastarf sýnilegra. Námskrárnar eiga einnig að hjálpa félögum og deildum að halda faglegu starfi stöðugu þrátt fyrir breytingar á stjórnarfólki og þjálfurum í félögum. Félag og deildir eiga kost á því að sækja árlega um styrk í sjóð ÍBH-Rio Tinto Alcan-Hafnarfjarðarbæjar vegna gerðar og endurskoðunar á námskrám.

**Þingskjal nr. 14****• Tillaga um breytingar á lögum ÍBH**

Breytingar voru gerðar á þeim greinum sem eru taldar upp að neðan í textanum og eru þær birtar hér með samþykktum breytingum.

**5. gr.**

Ef aðildarfélög, deildir, rekstrarfélög og sérráð íþróttagreina hafa ekki haldið aðalfundi og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við lög þessi, missa aðildarfélögin allan atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBH og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á íþróttþing. Stjórn ÍBH er heimilt að fella niður styrki til félaga/sérráða í vanskilum. Líði annað ár án þess að félög, deildir, rekstrarfélög og sérráð íþróttagreina haldi aðalfundi eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur þing ÍBH tekið ákvörðun um, hvort félaginu skuli vikið úr héraðssambandinu. Að öðru leyti vísast til 6. kafla í lögum ÍSÍ.

Það er eitt af hlutverkum ÍBH að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum ÍBH og ÍSÍ. Í því skyni skal ÍBH hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum sambandsaðila sinna og ef ástæða þykir til getur framkvæmdastjórn ÍBH tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir aðildarfélag /sérráð og fyrirskipað ítarlega skoðun á fjárreiðum og bókhaldsgögnum. Aðildarfélag / sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilds endurskoðanda.

**6. gr.**

Þau ár sem þing eru ekki haldin skal stjórn ÍBH boða til formannafundar. Formannafundur gegnir sama hlutverki og bandalagsþing að öðru leyti en því, að ekki skal samþykkja sérstakar ályktanir eða lagabreytingar né kjósa í trúnaðarstörf. Fyrir formannafund ber öllum aðildarfélögum ÍBH og stjórnnum sérráða að leggja fram ársskýrslur sínar eins og þau ár sem þing eru haldin, sbr. 5. gr. laganna. Fulltrúa í stjórn ÍBH má eingöngu tilnefna á þingi ÍBH.

**9. gr.**

Þing ÍBH skal háð annað hvert ár fyrir lok aprílmánaðar. Til þingsins skal boða með mánaðar fyrirvara bréfléga eða á annan sannanlegan hátt, þá sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 7. gr. og senda kjörbréfaeyðublöð. Þau mál, sem aðilar ÍBH óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn ÍBH í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þingsetningu. Viku fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins, ársskýrsla og endurskoðaðir ársreikningar. Ennfremur þær

tillögur, er ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið. Þing ÍBH er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað

14. gr.

Samþykki stjórnir 2/3 hluta aðildarfélaganna tilmæli um að aukaping verði haldið skal verða við því. Einnig hefur stjórn ÍBH heimild til að boða til aukapings. Boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings er tvær vikur. Fulltrúar skulu boðaðir bréflega eða á annan sannanlegan hátt. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á síðasta þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Aðildarfélag má tilnefna nýjan fulltrúa í stað þeirra sem eru látnir, veikir, eða forfallaðir á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og aðeins tilnefna bráðabirgðastjórn ef meirihluti stjórnar ÍBH hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um aukaping sömu reglur og um reglulegt þing bandalagsins.

17. gr.

Í þeim íþróttagreinum, þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBH með hin sérfræðilegu málefni á bandalagssvæðinu, og getur skipað til þess sérstaka nefnd, ef samkomulag er um það. Sérráð fer með stjórn í sérmálum þeirra íþróttagreina, sem það varðar, að svo miklu leyti sem það fer ekki inn á önnur sérgreinasvið. En endanleg niðurröðun móta á bandalagssvæðinu og val keppenda á utanhéraðsmót er háð samþykki stjórnar ÍBH, svo og ákvæði um verðlaunagripi á innanhéraðsmótum, sbr. lög ÍSÍ.

11. Kjör formanns ÍBH. Fyrir þinginu lá tillaga um Hrafnkel Marinósson og var hann kosinn með dynjandi lófaklappi.

12. Þingforseti las upp tilnefningar aðildarfélaganna í stjórn ÍBH fyrir tímabilið 2013 – 2015.

Félag	Aðalmaður	Varamaður
Fimleikafélagið Björk	Ingvar Kristinsson	Þór Ólafsson
Knattspyrnufélagið Haukar	Magnús Gunnarsson	Ágúst Sindri Karlsson
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Viðar Halldórsson	Benedikt Olgeirsson
Hestamannafélagið Sörli	Halldóra Einarsdóttir	Berglind Rósa Guðmundsdóttir
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	Anton Ingi Sigurðsson	Arnar Þór Einarsson
Golfklúbburinn Keilir	Bergsteinn Hjörleifsson	Ólafur Þór Ágústsson
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	Ingibjörg Gunnarsdóttir	Ólafur Tryggvi Gíslason
Golfklúbburinn Setberg	Þórarinn Sófusson	Björn Eysteinnsson
Kvartmíluklúbburinn	Sigurjón Andersen	Ingólfur Arnarsson
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Atli Már Sigurðsson	Haukur J. Eiríksson
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Erla Björg Hafsteinsdóttir	Írena Ásdís Óskarsdóttir
Sundfélag Hafnarfjarðar	Kristín Pétursdóttir	Karl Klein
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Hafsteinn Eyland Brynjarsson	Gunnar Bjarnason
Íþróttafélagið Fjörður	Stefán Kristófersson	Hrafn Þórðarson
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	Anders Már Þráinsson	Sigurþór Jóhannesson
Hjólreiðafélagið Bjartur	Arnar Geirsson	Kristinn Samsonarson
Siglingaklúbburinn Pytur	Ragnar Hilmarsson	Gunnar Geir Halldórsson

Fimm aðilar hverfa úr stjórn ÍBH að þessu sinni, þau eru, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir Haukum eftir 2 ár, Sigurður Emil Ævarsson Sörla eftir 6 ár, Írena Ásdís Óskarsdóttir Badmintonfélagi Hafnarfjarðar eftir 6 ár, Kristján Geir Mathíesen Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar eftir 8 ár og Ágústa Hera Birgisdóttir Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar eftir 8 ár. Var þeim þakkað fyrir þeirra störf í þágu hafnfirskrar íþróttahreyfingar.

13. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH og tveggja til vara. Tillaga lá fyrir um Þór Gunnarsson aðalmann, Ingvar Viktorsson varamann, Guðmund Friðrik Sigurðsson aðalmann og Skúla Valtýsson varamann. Hlutu þeir kosningu með lófaklappi.
14. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing. Liðurinn feldur niður, Íþróttáþing ÍSÍ var helgina 19. – 20. apríl sl.
15. Heiðranir. Hrafnkell Marínósson formaður ÍBH og Bergsteinn Hjörleifsson gjaldkeri ÍBH hengdu merki bandalagsins í einstaklinga sem skarað hafa fram úr í störfum fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði í að minnsta kosti áratug. Íþróttafélög tilnefna fólk úr sínum röðum til stjórnar ÍBH.

Samþykktar heiðranir og afhentar á 48. þingi ÍBH.

#### **Silfurmerki ÍBH hlutu eftirtaldir einstaklingar:**

- ***Sigurður Emil Ævarsson Hestamannafélaginu Sörla***  
Sigurður hefur verið máttarstólpi í að gera Sörla að því íþróttafélagi sem það er í dag. Kjörorð félagsins eru einmitt íþrótt og lífstíll. Hann hefur setið í stjórn Hestamannafélagsins Sörla í áratugi, setið í mörgum nefndum félagsins og er nú einnig varaformaður Landsambands Hestamannafélaga. Sigurður hefur verið driffjörður í uppbyggingu og uppgangi íþróttafélagsins Sörla m.a. í byggingu íþróttamannvirkis hestamannafélagsins sem og keppnisvalla. Sigurður hefur verið öflugur tengiliður Hestamannafélagsins Sörla við Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og hefur setið í stjórn þess frá 2007.
- ***Gísli Þór Magnússon Knattspyrnufélagið Haukar***  
Gísli hefur verið hjá karatedeild Hauka síðan 2001 þegar hann hóf æfingar samhliða syni sínum. Frá árinu 2002 hefur hann setið í stjórn deildarinnar bæði sem varaformaður og meðstjórnandi og verið virkur sem slíkur ásamt því að vera fulltrúi deildarinnar í aðalstjórn Hauka til margra ára. Eftir að hann tók sæti í stjórn deildarinnar hefur hann átt stóran þátt í að auka fagleg og öguð vinnubrögð hjá deildinni sem hann hefur úr starfi sínu hjá menntamálaráðuneytinu. Hann hefur auk þess setið í aganefnd Karatesambands Íslands og margoft verið starfsmaður á mótum sambandsins.
- ***Helgi Kuldepp Kumar Knattspyrnufélagið Haukar***  
Helgi Kumar tók sæti í stjórn karatedeildar Hauka fyrir aldarmótin 2000 eftir að stjórnin biðlaði til foreldra og forráðamanna iðkenda um að koma í meira mæli að starfi deildarinnar hvort heldur í gegnum setu í stjórn, í nefndum eða á

annan hátt. Hann tók sæti í stjórn sem gjaldkeri og hefur setið sem slíkur alla tíð síðan. Rekstur deildarinnar var á þeim tíma búin að vera í járnnum, þó engar skuldir væru til staðar, en þó var deildin ekki rekin með tapi og hefur aldrei verið. Hann hefur haldið þannig á spilunum að reksturinn hefur blómstrað og mun án efa verða áfram.

- ***Sigurbjörn Jónsson Knattspyrnufélagið Haukar***  
Sigurbjörn hefur verið hjá karatedeild Hauka allt frá árinu 1995 þegar hann byrjaði að iðka karate. Hann hefur á þeim tíma samhliða sinnt ýmsum störfum hjá deildinni, s.s. verið þjálfari og er enn og sem slíkur verið einn af máttarstólpum í þjálfarateymi deildarinnar, setið í stjórn bæði sem meðstjórnandi og formaður ásamt því að hafa verið yfirþjálfari deildarinnar til tveggja ára. Hann hefur að auki verið virkur í dómgæslu sem fulltrúi deildarinnar á mótum Karatesambandsins.

#### **Gullmerki ÍBH hlutu eftirtaldir einstaklingar:**

- ***Ruth Guðmundsdóttir Knattspyrnufélagið Haukar***  
Íslandsmeistari með kvennaliði Hauka í handknattleik 1945. Situr í aðalstjórn félagsins í fyrsta sinn 1944 og síðast 1965. Hefur starfað í stjórn Öldungaráðs Hauka frá stofnun 1991. Fagnaði 90 ára afmæli sínu á síðasta ári. Er heiðursfélagi í Knattspyrnufélaginu Haukum.
- ***Hafsteinn Ellertsson Knattspyrnufélagið Haukar***  
Stjórnarmaður í knattspyrnudeild síðan 1978. Dyggur, ómetanlegur félagsmaður.

16. Önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

17. Þingslit. Hrafnkell Marinósson endurkjörinn formaður ÍBH þakkaði fyrir traustið sem honum var sýnt. Einnig þakkaði hann þeim stjórnarmönnum sem hætta í stjórn ÍBH fyrir þeirra störf í þágu hafnfirskrar íþróttahreyfingar. Að lokum þakkaði hann fulltrúum fyrir þingsetuna og þeirra vinnuframlag.

Að þingi loknu bauð bæjarstjórn Hafnarfjarðar þingfulltrúum og gestum til móttöku í Byggðasafni Hafnarfjarðar.